

## Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla

### Dagskrá menntabúða í upplýsinga og tæknimennt 11. ágúst 2016

Fimmtudaginn 11. ágúst verða haldnar menntabúðir í tölvu- og upplýsingatækni fyrir kennara í Garðabæ. Staðsetning búðanna verður í Garðaskóla og skráning í vinnustofur hefst 8:30. Takmarkaður fjöldi kemst á hverja vinnustofu, fyrstur kemur fyrstur fær.

Í viðhengi er að finna lýsingar á vinnustofum sem í boði verða og gott að vera aðeins búin að kynna sér þær. Hér fyrir neðan er dagskráin.

Munið að **koma með fartölvurnar ykkar** en spjaldtölvur verða í þeim vinnustofum þar sem á þarf að halda.

### Dagskrá menntabúða í Garðaskóla 11. ágúst 2016

|             |                                                                                                                   |
|-------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 8:30 - 9:00 | <b>Skráning og kaffi</b>                                                                                          |
| 9:00-9:30   | <b>Setning og erindi 1:</b><br><i>Stafræn borgaravitund.</i><br><i>Bara í fræðibókum eða líka í daglegu lífi?</i> |
| 9:30-10:30  | <b>Vinnustofulota 1</b>                                                                                           |
| 10:30-11:00 | <b>Kaffi og spjall</b>                                                                                            |
| 11:00-12:00 | <b>Vinnustofulota 2</b>                                                                                           |
| 12:00-12:40 | <b>Matur</b> (léttur hádegisverður í boði skóladeildar og skólanna)                                               |
| 12:40-13:00 | <b>Erindi 2:</b> <i>Kynning frá tölvudeild Garðabæjar</i>                                                         |
| 13:00-14:00 | <b>Vinnustofulota 3</b>                                                                                           |
| 14:15:00    | <b>Kynningabásar opnir</b>                                                                                        |

## Kynning á vinnustofu

### Lota 1

#### Vinnustofa:

##### **Einstaklingsmiðað nám með Foxit reader og Dropbox**

Foxit Reader er ókeypis forrit fyrir tölvur og spjaldtölvur. Það gerir notendum kleift að skrifa inn í pdf skjöl eins og t.d. verkefnabækur frá Námsgagnastofnun. Dropbox er skýjalausn þar sem hægt er að varðveita og deila gögnum.

Þátttakendur kynnist möguleikum Foxit Reader og hvernig hægt er að sækja vinnubækur hjá Námsgagnastofnun. Farið yfir leiðir/aðferðir til að útfæra vinnuna eftir þörfum nemenda. Einnig hvernig hægt er að nýta Dropbox til samvinnu.

*Leiðbeinandi: Ragnhildur - stofa 104*

#### Vinnustofa:

##### **Explain everything – það er málið!**

Appið Explain Everything-Classic í spjaldtölvum. Spjaldtölvur í bekkjarsetti verða notaðar. Appið þykir gott til að búa til gagnvirkar kynningar og til útskýringa. Margir nýta það til að búa til speglaða kennslu.

Kennarar kynnist frábæru verkfæri fyrir nám og kennslu og öðlist færni í að nota það. Appið hentar öllum námsgreinum og hvaða aldri sem er.

Stutt kynning á helstu aðgerðum í appinu og verkfærið skoðað saman. Þátttakendur æfa sig í að nota appið, læra á helstu aðgerðir og búa til örkynningar sem byggjast á útskýringum, vídeóupptökum og umfjöllun um ákveðið efni.

*Leiðbeinandi: Kristín Björk Gunnarsdóttir – stofa 304*

## **Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla**

### **Vinnustofa:**

#### **Forritun – yngsta stig**

Hugbúnaður: Hlaupu Markó (Run Marco), Box Island, Scratch jr. Markmið: Kennd verða undirstöðuatriði í forritun fyrir yngstu börn gunnskólans. Kynnt verða nokkur smáforrit sem hægt er að nýta við kennsluna. Sýnd hugmynd að kennsluáætlun og hvernig flétta má forritun inn í kennsluna. Þátttakendur vinna með smáforritin.

*Leiðbeinandi: Ragna – stofa 302*

### **Vinnustofa:**

#### **Google Drive**

Hugbúnaður sem verður notaður: Notast verður við Google.com sem er opinn hugbúnaður á vefnum. Til að geta notað Google Drive þarf að hafa Gmail vefpóst, hægt er að stofna hann í byrjun vinnustofu. Nauðsynlegt er að mæta með fartölvu.

Markmið vinnustofu: Google Drive umhverfið kynnt. Farið verður yfir hvað vefurinn hefur upp á að bjóða og sýndir helstu notkunarmöguleikar. Drive hentar einstaklega vel í gangvirkri samvinnu milli nemenda og kennara. Gott er að þekkja Google Drive umhverfið til að geta notað forritin sem þar eru að finna. Hentar öllum námsgreinum á öllum skólastigum.

Framkvæmd: Þátttakendur skrá sig inn á vefinn með Gmail aðgangi. Stutt glærukynning á Drive ásamt verkefnum sem þátttakendur leysa, meðal annars að stofna skjal, deila á milli og helstu stillingar.

*Leiðbeinandi: Margrét Erla – tölvustofa*

## **Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla**

### **Vinnustofa:**

#### **Grunnkennsla á iPad.**

Hugbúnaður sem verður notaður: Stýrikerfið í iPad og IOS öppin (Pages, Keynote....)

Markmið vinnustofu: Að kennarar læri grunnatriði iPadsins svo þeir geti nýtt hann í námi og kennslu.

Framkvæmd: Hver þátttakandi hefur iPad spjaldtölvu til umráða og gerir mjög einföld verkefni undir handleiðslu kennara.

*Leiðbeinandi: Sigurður Haukur – stofa 301*

### **Vinnustofa:**

#### **Myndbönd með iMovie**

Hugbúnaður: iMovie

Markmið: Að þátttakendur nái undirstöðufærni í notkun iMovie og geti óhræddir nýtt það í vinnu með nemendum.

Framkvæmd: stutt kynning á helstu aðgerðum í iMovie en svo munu þátttakendur vinna einfalt verkefni í litlum hópum.

*Leiðbeinandi: Örn Arnarson – stofa 102*

### **Vinnustofa:**

#### **Myndvinnsla Photo Gallery**

Hugbúnaður: Photo gallery er ókeypis Microsoft forrit lausn.

Markmið: Sýna fram á að myndvinnsla er einfaldari en flestir halda. Myndefni gerir allt kennsluefni líflegra og það er auðveldara en flestir halda að nota eigið myndefni.

Framkvæmd. Farið verður stuttlega yfir hvernig þetta myndvinnsluforrit virkar og hvernig á að vinna og breyta myndum. Þátttakendur fá tækifæri til að prófa forritið. Einnig verður farið stuttlega í grunnatrið ljósmyndunar.

*Leiðbeinandi: Gauti – stofa 203*

## Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla

### Vinnustofa:

#### Padlet – Prezi - Showbie

Markmið vinnustofu: Hvernig nýta má Padlet, Prezi og Showbie í tengslum við nemendaverkefni. Padlet er veggur þar sem hægt er að safna sama hugmyndum/verkefnum, Prezi er leið til að kynna efni, líkt og Power Point. Showbie heldur utan um gögn, skil og leiðsagnarmat.

Framkvæmd: Í upphafi myndi hópurinn hittast á einum Padlet vegg ([www.padlet.com](http://www.padlet.com)), hann yrði kynntur og sýnt hvernig hann virkar. Næsta skref væri að hver og einn myndi skrá sig inn á Prezi ([www.prezi.com](http://www.prezi.com)). Farið yrði yfir hvernig sá vefur virkar. Útbúin yrði stutt kynning, þeim yrði síðan safnað á Padlet vegg. Að lokum myndi Showbie bætast við þar sem hægt væri að skila einstaklingsverkefnum, ef um hópaverkefni er að ræða, t.d. ritunarverkefni er tengdist sama verkefninu sem við vildum að hver og einn myndi fá endurgjöf á.

Í framhaldi væri gaman að sýna afrakstur nemenda í hópaverkefni í Evrópu í 7. bekk.

*Leiðbeinandi: Guðrún – stofa 103*

### Vinnustofa:

#### Quizlet

Hugbúnaður sem verður notaður: Quizlet er ókeypis veflög lausn sem gerir notendum kleift að búa til gagnvirk verkefni.

Markmið vinnustofu /markhópur: Farið verður yfir hvernig hægt er að sækja og búa til flettisþjöld til að festa hluti í minni. Úr flettisþjöldunum verða svo til ýmsar þrautir og leikir. Quizlet nýtist í öllum greinum en hentar sérstaklega vel í tungumálakennslu.

Framkvæmd (Hvað ætlar þú að gera með kennurum?) Kynning á verkfærinu. Þátttakendur skrá sig á vefinn, finna verkefni og búa til verkefni. Einnig verður farið í hvernig verkefnum er úthlutað til nemenda.

*Leiðbeinandi: Kolbrún – stofa 303*

### Vinnustofa:

#### Þrívíddarhönnun (3D design) og þrívíddargrafík (3Dart)

Hugbúnaður sem verður notaður: Tinkercad ([tinkercad.com](http://tinkercad.com)), Blender ([blender.org](http://blender.org)). Þessi hugbúnaður er aðgengilegur í nemenda- og kennaratölvum Garðabæjar

## Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla

Markmið vinnustofu: Kynna möguleika þrívíddarhönnunar með þrívíddarprentun í huga. Einnig verður sagt frá möguleikum þrívíddargrafíkur með það í huga að skapa hreyfimyndir.

Framkvæmd (hvað ætlar þú að gera með kennurunum?): Þátttakendur vinna einföld form í Tinkercad og fá innsýn í þrívíðan heim tölvunnar, stefnt er að því að útbúa form tilbúin til þrívíddarprentunar. Þrívíddarprentun er tímafrekt ferli og verður ekki unnt að prenta út verkefni þátttakenda að þessu sinni. Sá möguleiki er þó fyrir hendi síðar ef áhugi er fyrir hendi. Einnig verður tæpt á þrívíddargrafík í Blender fyrir þá sem vilja kynnast slíkri vinnu betur. Unnið verður með rafræn kennslumyndbönd sem eru aðgengileg á netinu. Nauðsynlegt er að hafa heyrnartól meðferðis.

*Leiðbeinandi: Ingimar – stofa 209*

## Lota 2

### Vinnustofa:

#### Aðlagð nám með voice Dream

Hugbúnaður sem verður notaður: VoiceDream er smáforrit fyrir iPad/iPhone og Android snjalltæki sem býður upp á notkun talgervils (m.a. íslenskar Ivona raddir) við lestur flestra tegunda rafrænna skjala. Notendur geta einnig breytt stafagerð, stærð leturs og skrifað glósur inn í skjöl.

Markmið vinnustofu/markhópur: Markmiðið er að kennarar kynnist grunnaðgerðum forritsins með það fyrir augum að leiðbeina nemendum sínum í notkun þess. Mikil aukning er á notkun VoiceDream hjá þeim sem glíma við lestrarörðugleika. Möguleikar á því að opna PDF bækur Menntamálastofnunar sem og persónuleg skjöl notanda í VoiceDream bjóða upp á einstaklingsmiðað nám í öllum námsgreinum - hvort sem er með eigið tæki notenda eða tæki í eigu skóla.

Framkvæmd: (Hvað ætlar þú að gera með kennurum?) Farið verður yfir mismunandi leiðir til að sækja skjöl og hvaða möguleika notendur hafa til að aðlagða upplestur og yfirlestur texta eftir sínum þörfum.

*Leiðbeinandi: Hildur – stofa 104*

### Vinnustofa:

**Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla**  
**Forritun á miðstigi (BoxIsland, Code.org, Hour of Code)**

Hugbúnaður sem verður notaður: BoxIsland (app í ipad), vefsíðurnar [www.code.org](http://www.code.org) og <https://hourofcode.com>

Markmiðið er að kennarar kynnist grunnatriðum forritunar á miðstigi. Ætlað fyrir kennara sem hafa ekki kennt forritun áður eða hafa lítinn grunn í forritun.

Framkvæmd: Fjallað verður stuttlega um í forritun á miðstigi. Farið verður í forritið BoxIsland á ipad þar sem kennarar prófa forritið. Einnig prófa kennarar vefsíðurnar [www.code.org](http://www.code.org) og [www.hourofcode.com](http://www.hourofcode.com)

*Leiðbeinandi: Eygló – stofa 302*

**Vinnustofa:**

**Question Writer**

Hugbúnaður sem verður notaður: Question Writer er hugbúnaður sem er notaður til að búa til gagnvirk próf. Hann á að vera á tölvum kennara í Garðabæ.

Markmið vinnustofu /markhópur: Að kennarar geti búið til einfalt gagnvirkt próf, lagt fyrir nemendur og tekið saman niðurstöður úr því. Vinnustofan gagnast öllum kennurum sem sjá möguleika á að nota gagnvirkt námsmat.

Framkvæmd (Hvað ætlar þú að gera með kennurum?) Kynning forritið og möguleikum þess. Sýna hvernig maður býr til nýtt próf frá grunni. Hvernig spurningar er hægt að hafa og hvað þarf að hafa í huga. Hvernig maður getur stillt ýmsa þætti í forritinu og hvernig maður fær niðurstöður til úrvinnslu. Kennarar æfa sig í að búa til einfalt próf á staðnum.

*Leiðbeinandi: Ólafur Pétursson – stofa 303*

**Vinnustofa:**

**Google Slides**

Hugbúnaður sem verður notaður: Notast verður við Google.com sem er opinn hugbúnaður á vefnum. Til að geta notað Google Slides þarf að hafa Gmail vefpóst, hægt er að stofna hann í byrjun vinnustofu. Nauðsynlegt er að mæta með fartölvu.

Markmið vinnustofu: Google Slides kynnt en forritið er eitt af mörgum sem er að finna á Google Drive. Slides er forrit fyrir glærukynningar sem býður upp á ýmsa möguleika

## **Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla**

umfram t.d. Power Point. Farið verður yfir hvað forritið hefur upp á að bjóða og sýndir helstu notkunarmöguleikar í kennslu og fyrir verkefni nemenda, t.d. geta margir nemendur unnið í sama skjali á sama tíma. Hentar öllum námsgreinum á öllum skólastigum.

Framkvæmd: Þátttakendur skrá sig inn á Google Drive með Gmail aðgangi. Stutt glærukynning á Slides ásamt verkefnum sem þátttakendur leysa, meðal annars að stofna skjal, deila á milli og möguleikar á spurningaviðmóti til áhorfenda.

*Leiðbeinandi: Margrét Erla - tölvustofa*

### **Vinnustofa:**

#### **iMovie**

Hugbúanaður: iMovie

Markmið: Að þátttakendur nái undirstöðufærni í notkun iMovie og geti óhræddir nýtt það í vinnu með nemendum.

Framkvæmd: stutt kynning á helstu aðgerðum í iMovie en svo munu þátttakendur vinna einfalt verkefni í litlum hópum.

*Leiðbeinandi: Örn Arnarson – stofa 102*

### **Vinnustofa:**

#### **Lesskilningur án bóka.**

Hugbúnaður sem verður notaður: Adobe mix og Adobe spark.

Markmið vinnustofu: Að gefa kennurum tækifæri til að kynnast öðrum leiðum til náms og tjáningar en þeim sem hafa verið nýttar fram að þessu.

Framkvæmd: Fjallað um hvernig hægt er að vinna með bókmenntir á lifandi og skapandi hátt. Þátttakendur vinna með gefinn texta og skapa

persónulega stemningu þar sem þeir túlka textann á sinn hátt, setja sig inn í aðstæður og endursegja frásögnina út frá eigin tilfinningum og skilningi.

## Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla

*Leiðbeinendur: Eyþór og Kristín Björk - stofa 301*

### Vinnustofa:

#### Myndvinnsla með vektorum.

Hugbúnaður sem verður notaður: Inkscape (frjáls, opinn hugbúnaður: [inkscape.org](http://inkscape.org))

Markmið vinnustofu: Kynna fyrir kennurum vinnu með lógó og uppsetningar á veggspjöldum og auglýsingum. Vektorar eru stærðfræðilegar línur og form sem þola óendanlega stækkun. Þeir byggjast á því reikna afstöðu milli skilgreindra punkta. Notendur gefa þessum afstæðum þá eiginleika sem óskað er eftir, t.d. þykkt línu, lit eða litablöndun. Vektorar henta afar vel við vinnu á myndum sem þurfa að vera skýrar, skarpar og einfaldar líkt og í vörumerkjum (lógó) eða útlitshönnun og uppsetningu texta, veggspjalda og auglýsinga.

Framkvæmd (hvað ætlar þú að gera með kennurunum?): Þátttakendur æfa notkun á Inkscape forritsins með einföldum verkefnum og leiðbeiningum á aðgengilegum kennsluvef. Slíkt fyrirkomulag gefur þátttakendum tækifæri til að fara á eigin hraða yfir efnið. Nauðsynlegt er að hafa heyrnartól meðferðis.

*Leiðbeinandi: Ingimar Waage – stofa 209*

### Vinnustofa:

#### Nearpod í kennslu

Markmið vinnustofu/markhópur: Þátttakendur kynnast möguleikum Nearpod í kennslu og hvernig búin er til aðgangur fyrir bæði kennara og nemendur. Þeir kynnast því hvernig hægt er að búa til kynningarefni, flytja inn efni (glærukynning yfir í Nearpod), hvernig Nearpod kynning virkar í kennslu og að setja inn stuttar kannanir/próf við úrlausn verkefna.

*Leiðbeinandi: Sigurður Haukur – stofa 304*

### Vinnustofa:

## Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla

### Padlet – Prezi – Showbie (Samtvinnað)

Markmið: Hvernig má nýta Padlet, Prezi og Showbie í tengslum við nemendaverkefni. Padlet er vefveggur þar sem hægt er að safna sama hugmyndum/verkefnum, Prezi er leið til að kynna efni, líkt og Power Point. Showbie heldur utan um gögn, skil og leiðsagnarmat.

Framkvæmd: Í upphafi hittist hópurinn á Padlet vegg ([www.padlet.com](http://www.padlet.com)), hann kynntur og sýnt hvernig hann virkar. Næsta skref skrá þátttakendur sig inn á Prezi ([www.prezi.com](http://www.prezi.com)). Skoðað hvernig vefurinn virkar og búnað til kynningar sem safnað er á Padlet vegg. Að lokum myndi Showbie bætast við þar sem hægt væri að skila einstaklingsverkefnum, ef um hópverkefni er að ræða, t.d. ritunarverkefni er tengdist sama verkefninu sem við vildum að hver og einn myndi fá endurgjöf á. Afrakstur nemenda í hópverkefni úr 7. bekk sýndur.

*Leiðbeinandi: Guðrún – stofa 103*

### Vinnustofa:

#### Vefsíðugerð með Weebly

Unnið verður í Weebly, sem er ókeypis aðgangur að vef þar sem hægt er að hanna vefsíður.

Markmið: Farið verður yfir hvernig setja má upp vefsíðu með Weebly. Viðmótið er einfalt, hægt er að velja úr tilbúnu útliti, uppsetning og innsetning efnis er einföld og auðveld, líka fyrir byrjendur. Notkun Weebly-vefsíðu í kennslu getur verið margs konar, t.d. heimasíða bekkja/fags þar sem verkefnavinna nemenda eða upplýsingar frá kennara eru settar inn. Framkvæmd: Kynning á verkfærinu. Þátttakendur skrá sig inn í Weebly, búa til vefsíðu og prófa möguleikana sem Weebly býður upp á.

*Leiðbeinandi: Sif Þráinsdóttir – stofa 203*

## Lota 3

### Vinnustofa:

#### Adobe Spark

## **Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla**

Hugbúnaður sem verður notaður: Adobe Spark er ókeypis veflæg lausn sem gerir notendum kleift að búa til myndræn kynningarblöð með Spark Post. Með Spark Web má búa til myndrænar vefsögur. Spark Video gerir kleift að búa til myndbönd á einfaldan hátt.

Markmið vinnustofu /markhópur: Farið verður yfir hvernig nota má Adobe Spark bæði fyrir nemendur og kennara. Frábært tæki til þess að búa til kynningar. Adobe Spark nýtist í öllum greinum.

Framkvæmd (Hvað ætlar þú að gera með kennurum?) Kynning á verkfærinu. Þátttakendur skrá sig á vefinn og búa til verkefni.

*Leiðbeinandi: Systa (Ingibjörg Jónsdóttir) – stofa 303*

### **Vinnustofa:**

#### **Myndbandsverkefni með EduCanon**

Hugbúnaður: Vefsvæðið [educanon.com](https://educanon.com)

Markmið: Að kynna möguleikana sem felast í EduCanon og að þátttakendur öðlist færni til að útbúa verkefni og deila þeim.

Framkvæmd: Þátttakendur skoða tilbúið verkefni og svara því. Síðan verður stutt kynning á því hvernig verkefni verður til og þátttakendur munu svo útbúa sín verkefni í litlum hópum.

*Leiðbeinandi: Örn Arnarson – stofa 102*

### **Vinnustofa:**

#### **Myndvinnsla með pixlum**

Hugbúnaður sem verður notaður: GIMP (Frjals og opinn hugbúnaður: [gimp.org](https://gimp.org))

Markmið vinnustofu: Kynna fyrir kennurum möguleika skapandi myndgerðar og eftirvinnslu ljósmynda. Einnig verður kennurum bent á fleiri aðgengileg forrit sem þeir geta kynnt sér í fyllingu tímans.

Framkvæmd (hvað ætlar þú að gera með kennurunum?): Þátttakendur æfa notkun á GIMP forritinu með einföldum verkefnum og leiðbeiningum á aðgengilegum kennsluvef.

## Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla

Slíkt fyrirkomulag gefur þátttakendum tækifæri til að fara á eigin hraða yfir efnið. Nauðsynlegt er að hafa heyrnartól meðferðis.

*Leiðbeinandi: Ingimar Waage – stofa 209*

### **Vinnustofa:**

#### **Fyrstu skrefin í Nearpod.**

Hugbúnaður sem verður notaður: Vefsíðan <https://nearpod.com/> og/eða Nearpod appið fyrir iPad.

Markmið vinnustofu: Kynna Nearpod fyrir kennurum og að þeir læri fyrstu skrefin í notkun þess.

Framkvæmd: Stutt kynning á Nearpod og svo búa þátttakendur til sínar eigin Nearpod kynningu

*Leiðbeinandi: Sigurður Haukur – stofa 304*

### **Vinnustofa:**

#### **Íslenskan og Samsung (Android)**

Smiðja Snjallskólans verður um íslensku notkun í android snjalltækjum, nánar tiltekið Samsung snjalltækjum (þau tæki og tækni sem notast verður við í smiðjunni). Farið verður í hvernig má breyta tali í texta, texta í tal, tala inn í skjöl o.s.frv. Allt auðvitað á íslensku.

Hugbúnaður sem verður notaður er m.a. android stýrikerfið, öppin Ivona Dora, Talk og eitthvað fleira óvænt og skemmtilegt.

Markmið vinnustofunnar er að kennarar sjái íslensku ljósið í android tækninni, kynnist tækninni og læri jafnvel að vinna aðeins með forritin.

## Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla

Framkvæmdin verður heilbrigð og gáfuleg skipting á milli kynningar á tólum og tækjum og praktísku fíkti þátttakenda, þannig að sem flestir geti lært af því að gera sjálfir.

*Leiðbeinandi: Birgir – stofa 104*

### Vinnustofa:

#### Nýting forritunar í fjölbreyttu námsmati á unglingastigi:

Kynntar hugmyndir um hvernig megi nýta þekkingu nemenda t.d. á Alice forritinu eða öðrum forritum í valbundnum verkefnaskilum í fjölbreyttu námsmati.

Þekking kennara á forritun sem sækja vinnustofuna:

Kennari *þarf ekki að búa yfir* neinni sérþekkingu í forritun til að þessi leið geti nýst honum í námsmati og ætti að geta nýst kennurum í vel flestum fögum eins og íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræðum, tungumálum og jafnvel fleirum.

Hvernig fer vinnustofan fram:

Byrjar á stuttri kynningu. Síðan eru þetta að mestu umræður. Gert er ráð fyrir að kennarar séu virkir þátttakendur í umræðunni og hópurinn máti sína kennslu við hugmyndina.

*Leiðbeinandi: Ragnheiður – stofa 302*

### Vinnustofa:

#### Garageband fyrir ipad

Hugbúnaður sem verður notaður: Garageband er tónlistar og upptöku app frá Apple. Markmið vinnustofu /markhópur: Að læra inn á grunnþættina í Garageband, leika okkur með tónsmíði og skapa í appinu lítið tónverk. Sett verður fram verkefni um hvernig á að skipuleggja og byggja upp lag. Það þarf ekki að vera tónlistarmenntaður eða kunna á hljóðfæri til að taka þátt.

Framkvæmd: Eftir kynningu á tónlistarforritinu Garageband og verkefninu vinna kennara á ipad. Verkefnið verður unnið í litlum hópum við að skipuleggja, semja, útsetja, finna nafn og taka upp stutt tónverk. Notast verður aðalega við svokölluð „smart“ hljóðfæri sem eru innbyggð í Garageband, þar eru t.d. píanó hljómar, trommutaktar og margt fleira. En einnig verður tekið upp einhverskonar umhverfishljóð inn í lagið. Hægt er að tengja

**Lýsingar á vinnustofum í menntabúðum 11. ágúst 2016 í Garðaskóla**

Garageband við ýmsar aðrar námsgreinar. Meðal annars stuttmyndagerð þar sem nemendur semja lag fyrir myndverk eða jafnvel íslensku þar sem nemendur útbúa takt og velja sér ljóð/texta sem þau spreyta sig á að syngja eða rappa inn á lagið.

Kannski verður hægt að halda tónleika í lok vinnustofu:)

*Leiðbeinandi: Jón Bjarni Pétursson – stofu 103*